

72. Stjórnarfundur Alnæmisbarna

Haldinn fimmtudaginn 12. nóvember 2009 kl.15:30 – 16:30 á veitingarstaðnum Kaffitári í Borgartúninu.

Mætt: Lárus Valgarðsson, Ásdís Ólafsdóttir, Ingibjörg R. Guðlaugsdóttir og Sigurlaug Hauksdóttir.

Fjarverandi: Hildur Gestsdóttir og Ragna Karlsdóttir. Sigríður Baldursdóttir var erlendis.

Fundargerðir

Fundargerðir 70 og 71 samþykktar.

Fjárhagsleg staða og áætlun á tímum þrenginga

Fjárhagsáætlun Rosette, framkvæmdarstýru Candle Light Foundation (CLF), fyrir árið 2010 liggur fyrir og gerir hún ráð fyrir styrk frá Alnæmisbörnum upp á 5.871.000,- úganska shillinga eða ísl. kr. 1.174.000,- fyrir skólagöngu stúlkanna í almenna skólanum. Þetta miðast við 21 stúlku á árinu 2010 og að þeim fækki síðan í 17 árið 2011. Á þessu ári voru þær 23 og 25 árið 2007. Þeim fer því fækkandi. Alnæmisbörn hafa látið CLF vita að á meðan það eru efnahagsþrengingar á Íslandi verði ekki hægt að greiða fyrir skólagöngu nýrra stúlkna í almenna skólann.

Eins og er fá Alnæmisbörn kr. 600.000,- í félagsgjöld á ári og kr. 200.000,- frá ISOR. Svo hægt sé að greiða allan kostnað við hina almennu skólagöngu á ári hverju og ýmsan aukakostnað hér heima, þarf félagið um kr. 500.000,- til viðbótar. Það sem getur haft neikvæð áhrif á fjárframlag Alnæmisbarna á næsta ári og á næstu árum er möguleg lækkun á verðgildi íslensku krónunnar og hvort áætluð félagsgjöld standi eða að fólk fari að halda að sér höndum þegar harðnar á dalnum.

Umræður sköpuðust um það hvernig best væri að standa að mögulegum niðurskurði í fjárframlögum Alnæmisbarna og hvaða tímasetningar væru þá heppilegastar. Hvort ekki væri betra að niðurskurðurinn kæmi tímanlega en á seinni stigum, því þá gæti hann ef til vill orðið afdrifaríkari. Lögð var áhersla á það að félagið mótaði sér stefnu hvað þetta varðar t.d hvort réttast væri að fækka stúlkunum sem fyrst á árinu eða bíða og sjá hvernig málin þróuðust. Einnig finna út hvaða stúlkur félagið helst vildi styrkja, þær stúlkur sem gengi vel í skóla eða hinar sem hefðu minnstu skólagönguna. Ákveða þarf hvort einungis eigi að styrkja stúlkur til grunnnáms (7 ár) eða styrkja færri stúlkur en hafa þá jafnframt kost á því að geta stutt þær í framhaldsnám (6 ár) og háskólanám.

Samþykkt að taka upp hvert bæri að stefna í mögulegum niðurskurði á aðalfundi félagsins sem verður á fyrri hluta næsta árs. Vinna verður síðan með allar hugmyndir í nánú samstarfi við félagsráðgjafa og stjórnendur CLF. Ákveðið að skrifa Rosette framkvæmdarstýru CLF bréf eftir aðalfundinn og segja henni hver staðan er og til hvaða ráðstafanna Alnæmisbörn hyggjast grípa.

Fjáröflun

Samþykkt að hafa samband við aðila og fyrirtæki sem greitt hafa styrki til félagsins í gegnum tíðina.

Lárus ætlar að hafa samband við Bjarna, fyrrum gjaldkera Alnæmisbarna, til að athuga hvort Starfsmannafélag Ferðaskrifstofu Íslands þar sem móðir hans vinnur, geti styrkt okkur aftur.

Ásdís ætlar að hafa samband við Þórunni Sveinbjarnardóttur, fyrrum formann Alnæmisbarna og umhverfisráðherra, og kanna með styrkveitingu t.d. frá ráðherrum. Ingibjörg hefur samband við Frostmark og Samorku til að kanna styrki þaðan.

Kringlan

Alnæmisbörn verða með fjáröflun í Kringlunni laugardaginn 5. desember. Hún hefst kl.10 um morguninn og selja á tertur, rúgbrauð, kerti og bastkörfur sem stúlkurnar í CLF hafa búið til.

Lárus, Sigurlaug og Ásdís ætla að mæta kl. 9 í leikskóla Ásdísar til að pakka inn rúgbrauði. Hún ætlar að leggja út fyrir rúgbrauðinu en fær síðan endurgreitt.

Sigurlaug ætlar að koma með bastkörfurnar.

Ingibjörg ætlar að hafa samband við Rögnu til að útvega plakat til að hafa á stands í Kringlunni og kanna jafnframt hvort Soroptimistafélagið Embla, sem Ragna er í, ætli ekki að greiða fyrir barnapössunina á CLF fyrir árið 2009, en félagið hefur gert það á undanförunum árum. Hún ætlar jafnframt að útbúa kynnisblað um CLF og Alnæmisbörn til að dreifa í Kringlunni og mæta með þetta tímanlega í Kringluna þann 5. desember.

Hildur kemur með kertin sem eru væntanlega tilbúin til sölu. Hún tekur einnig að sér að skrifa til félagsmanna til að biðla til þeirra að baka myndarlegar tertur, útskýra hvernig best sé að haga frágangi þeirra og hvetja þá endilega til að taka þátt í söluinni með okkur stjórnarmönnum í Kringlunni o.fl.

16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi

Samþykkt að taka þátt í alþjóðlegu 16 daga átaki Mannréttindaskrifstofu Íslands og fleiri samtaka og félaga gegn kynbundnu ofbeldi sem hefst 25. nóvember og endar 10. desember. Framlag okkar í átakanu verður fjáröflunin í Kringlunni þann 5. desember til styrktar bágstöddum stúlkum í Úganda vegna alnæmisfaraldursins. Sigurlaug verður tengiliður Alnæmisbarna hvað þetta varðar.

Heimasíða

Lárus, Hildur og Ingibjörg eru búin að fara á námskeið í heimasíðugerð. Lárus hefur gert ýmsar endurbætur á heimasíðunni, sett inn myndir, lagað til og uppfært og er enn að bæta hana. CLF er nú komin með tengil inn á síðuna og mun meira efni frá þeim verður sett inn.

Annað

Nýr fundur verður haldinn fimmtudaginn 3. des. í stað 10. des. á veitingarstaðnum Kaffitári við Borgartún og að þessu sinni hefst fundurinn kl.16.

Með kveðju,
Sigurlaug Hauksdóttir
ritari stjórnar